

**Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og
Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga
2006**

Merkingar á tilbúnum réttum

Inngangur

Markmið með merkingum matvæla er að tryggja neytendum nægar upplýsingar til að þeir geti valið á milli mismunandi matvæla á upplýstan hátt. Merkingin á að vera rétt og má ekki villa um fyrir neytendum. Merkingin á að vera nægjanleg þannig að neytendur geti í raun og veru valið matvæli af þeirri gerð og samsetningu og með þá eiginleika sem þeir vilja.

Merking er ekki bara innihaldslýsing, þyngd og geymsluþol heldur er merking samkvæmt skilgreiningu reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla: orð, upplýsingar, vörumerki, sérheiti, myndefni eða tákn sem tengjast matvælum og eru sett á umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja matvælunum eða vísa til þeirra.

Í þessu eftirlitsverkefni voru neytendaumbúðir tilbúinna matvæla skoðaðar og stöðluðum spurningum svarað.

Tilbúin matvæli eru matvæli tilbúin beint til neyslu og þau sem þarfnast lágmarks meðhöndlunar fyrir neyslu s.s. hitunar í örbylgjuofni, ofni eða steikingar á pönnu. Tilbúin matvæli geta hvort heldur sem er verið forpökkuð, verið til sjálfsafgreiðslu fyrir neytendur eða afhent yfir borðið skv. beiðni. En í þessu verkefni eru aðeins teknar til skoðunar vörur sem eru merktar.

Tilgangur

Tilgangur þessa verkefnis er fyrst og fremst að athuga hvort merkingar á tilbúnum réttum séu í samræmi við reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla.

Framkvæmd

Eftirfarandi merkingar voru skoðaðar í verkefninu:

Vöruheiti, innihaldslýsing, magnmerking, aukefni, þyngdarmarkering, geymsluskilyrði, geymsluþol, ábyrgðaraðili, notkunarleiðbeiningar, framleiðslulota, viðbótarupplýsingar þar sem við á og tungumál. Sjá nánar: Eyðublað vegna merkinga á tilbúnum réttum í viðauka 1.

Niðurstöður

1. Þátttaka

Fimm heilbrigðiseftirlitssvæði tóku þátt í verkefninu og sýnir tafla 1 hve margar vörur hvert svæði skoðaði í þessu verkefni:

Tafla 1. Fjöldi sýna frá hverju heilbrigðiseftirlitssvæði

UHR	HKJ	HVF	HNV	HSL	Alls
20	8	4	9	26	67

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, matvælasvið (UHR)

Heilbrigðiseftirlit Kjörsarsvæðis (HKJ)

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF)

2. Vörur sem skoðaðar voru:

Lagt var upp með eftirlitsverkefni um matvæli tilbúin til neyslu eða sem þurfa lágmarksmeðhöndlun fyrir neyslu. Í útsendum gögnum til heilbrigðiseftirlits (sjá viðauka) er lagt til að vörurnar skiptist jafnt milli þessara tveggja flokka og auk þess jafnt milli innlendra og innfluttra vara. Ekki var þó spurt um í hvaða flokki vörurnar lenda. En til þess að gefa mynd af því hvaða vörur voru skoðaðar eru þær gróflega flokkaðar þannig

Tafla 2. Yfirlit yfir matvæli sem voru skoðuð.

Gerð matvæla	Fjöldi skoðaðra matvæla
Salöt (brauðsalöt og kartöflusalöt)	6
Pizza	7
Samlokur	4
Pasta, pastaréttir	5
Kartöflur, kartöflugratín	2
Baunabuff, hnetubuff oþh	7
Indverskar pönnukökur	1
Fiskbollur, fiskbuff, plockfiskur, sjávarréttasúpa	10
Lasagne	4 (2x sömu 2 að því er virðist)
Kjötréttir, kjötbuff, kjötbollur, borgarar, skinka, kjötsúpa	19 (þar af 2x sama kjötsúpa)
Ávaxtagrautar	2
Samtals	67


Tafla 3. Innflutt eða innlend matvæli.

Innfluttar vörur þ.e. vörur merktar erlendum framleiðendum	15
Innlendar vörur eða vörur sem merktar eru innlendum framleiðendum eða verslunum.	52
Samtals	67

3. Athugasemdir

Á mynd 1 má sjá fjölda athugasemda sem gerðar voru við vörurnar raðað eftir spurningum á eyðublaðinu (sjá viðauka).

Mynd 1. Fjöldi vara með athugasemd við hverja spurningu.



Umræða

Fyrirtæki eru ábyrg fyrir því að fylgjast með reglum sem í gildi eru og merkja vörur sínar samkvæmt þeim. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit, en ekki hefur verið gerð eftirlitsverkefni sambærilegt þessu áður til að fá heildarmynd af ástandi yfir landið. Það gefur möguleika á að sjá hvar helst er pottur brotinn og leggja áherslu á úrbætur.

Ef farið er yfir svörin má sjá að athugasemdir:

Við **spurningu 3** um vöruheiti voru mismunandi, s.s. að upplýsingar vantaði um hvaða meðhöndlun matvaran hafði fengið og notað var óleyfilegt heiti skv. kjötreglugerð.

Við **spurningu nr. 4a** hvort innihaldsefni eru tilgreind eftir minnkandi magni voru gerðar athugasemdir við 11 vörur (16% vara). Það kemur á óvart að sjá hve margar athugasemdir eru gerðar við þetta atriði, því þetta er regla sem hefur verið lengi í gildi og ætti að vera vel þekkt hjá framleiðendum matvæla. Hafa ber í huga að þetta eru eingöngu athugasemdir sem augljósar þykja við skoðun umbúða og vöru, en uppskriftir voru ekki skoðaðar til að sannreyna merkingarnar.

Við **spurningu nr. 4b** um hvort samsett innihaldsefni væru rétt merkt voru gerðar 14 athugasemdir (20% vara). Með samsettu innihaldsefni er átt við t.d. þegar majones eða pepperoni er notað sem hráefni í vöru. Þessi regla var hert fyrir rúmu ári síðan þannig að nú þarf að merkja öll samsett innihaldsefni (með undantekningum þó, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla) en áður þurfti einungis að merkja samsett innihaldsefni ef

þau fóru yfir 25% af þyngd vöru. Greinilegt er að ekki eru allir framleiðendur búnir að tileinka sér þessa reglu í merkingum.

Svör við **spurningum 4c-f** gefa til kynna að merkingar aukefna séu almennt í lagi.

Við **spurningu 5** um hvort magnmerking er rétt fram sett ef hennar er þörf eru gerðar 22 athugasemdir eða við 33% varanna.

Í 14. grein reglugerðar um merkingu matvæla stendur m.a.:

“Ef merking matvæla gefur til kynna magn eða undirstrikar mikilvægi eins eða fleiri innihaldsefna eða ef ákveðin innihaldsefni eru venjulega tengd heiti matvæla eða eru nauðsynleg til að einkenna matvælin og greina þau frá vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir skal magn þeirra koma fram í tengslum við heiti vörunnar eða í innihaldslýsingu.

Magn innihaldsefna skal gefið upp í prósentum eins og það er notað við framleiðslu vörunnar nema annað sé ákveðið sbr. 8. gr.” Síðan koma undantekningaákvæði.

Af 67 vörum í þessu verkefni töldu heilbrigðisfulltrúar skylt að magnmerkja 49 (73%) þeirra. Af þeim eru 27 vörur með magnmerkingu rétt fram setta, en 22 vörur ekki. Þessu atriði er því mjög ábótavant og þurfa framleiðendur að skoða þetta atriði vel. (Dæmi þar sem magnmerkingu vantar: % fiskur í plökkfiski, % bláber í bláberjagraut, % rækjur í rækjusalati).

Í tveimur tilvikum við **spurningu 6** vantaði nettóþyngd, en algengasta athugasemdin um nettóþyngd var að hún var gefin upp sem u.þ.b. þyngd. Þetta samræmist ekki 15. gr. reglugerðar um merkingu matvæla, þar sem nettóþyngd skal vera a) nákvæm þyngd eftir vigt b) meðalþyngd, með reglum um hvað eru leyfileg frávik c) lágmarksþyngd.

Í svörum við **spurningu 7** var algengasta aðfinnslan ruglingur með notkun orðanna “best fyrir” og “síðasti neysludagur” eða að þau vantaði við dagsetninguna. Síðan vantaði pökkunardag á tvær vörur, en pökkunardag þarf að merkja á kælivörur með 3 mánaða geymsluþol eða skemmra. Í einu tilviki virðist hafa vantað geymsluþolsmerkingu.

Athyglisvert er að sjá í **spurningu 8** að á 14 vörum er ábyrgðaraðili ekki gefinn upp á réttan hátt, ýmist vantar alveg slíka merkingu eða heimilisfang vantar, eða jafnvel að framleiðandi hefur skipt um nafn, kennitölu og aðsetur.

Spurningar nr. 9, 10 og 11 komu vel út þannig að notkunarleiðbeiningar, framleiðslulota og tungumál voru samkvæmt reglum á þeim vörum sem skoðaðar voru. Þess má geta að ein varan var með merkingar á 12 tungumálum og önnur á 10 tungumálum, en fjöldi tungumála getur gert það að verkum að neytandinn á erfitt með að finna upplýsingar sem hann skilur.

Í **spurningu 12** er spurt hvort upplýsingar um vöruheiti, nettóþyngd og geymsluþol séu í sama sjónsviði.

Í 6. gr. reglugerðar um merkingu matvæla stendur m.a.

“Upplýsingar um vöruheiti, nettóþyngd, geymsluþol og styrk vínanda, þegar við á, skulu vera á sama sjónsviði”


Með sama sjónsviði er átt við að neytandi geti tekið upp umbúðir vörunnar og lesið allar þær upplýsingar sem eiga að vera í sama sjónsviði án þess að þurfa að snúa pakkningunni. Upplýsingar í sama sjónsviði eru á sömu hlið pakkningar. Þó má skv. 20. gr. reglugerðarinnar vera tilvísun í hvar geymsluþolsdagsetningin er í þessu sama sjónsviði, þó að snúa þurfi pakkningu til að sjá dagsetninguna sjálfa. Skv. svörum við spurningu 12 eru 23 vörur (34%)

með þetta í ólagi. Þarna þarf að bæta úr svo neytandinn finni þessar grunnupplýsingar í einni sjónhendingu.

Loks var svo spurt hvort eitthvað annað hafi verið athugasemdir við merkingu vörunnar. Þar komu fram athugasemdir við atriði eins og notkun orðanna “hollt” og forskeytið “heilsu-” í heiti vörunnar, að vara úr þurrkuðum ávöxtum var sögð vera unnin úr ferskum ávöxtum, vantar “kælivara”, vantar þökkunardag, í einni vöru var greinilega laukur þó hann væri ekki í innihaldslýsingu, næringargildismerking ekki rétt fram sett, innihaldslýsingu vantaði á brauði sem var hluti af vörunni og kartöflutegund vantaði á kartöflupoka.

Þegar skoðað er hve margar vörur voru með öll atriði í lagi kemur í ljós að það eru 17 vörur eða 25% varanna og 23 vörur eða 34% varanna eru með 1 athugasemd, sjá í mynd 2.

Mynd 1. Fjöldi athugasemda við hverja vöru.



3. Lokaorð

Í þessu eftirlitsverkefni er nokkuð ítarleg úttekt á merkingum þeirra vara sem eru skoðaðar. Niðurstöðurnar gefa til kynna brotalamir í merkingum, einkum um magnmerkingar og sjónsvið en einnig um innihaldslýsingar, ábyrgðaraðila og fleiri atriði þarfnast lagfæringa. Reglur um merkingar gildir fyrir öll matvæli og hafa allir framleiðendur skyldum að gegna við að gefa neytendum upplýsingar á aðgengilegan og skiljanlega hátt til að geta valið þau matvæli sem þeir kjósa.

Úrbætur vegna athugasemda sem gerðar voru við skoðun á vörum í þessu verkefni er í ferli hjá viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði og framleiðendum og dreifingaraðilum matvællanna og má vænta þess að merkingar þessara vara verði lagfærðar. En ekki er síður mikilvægt að aðrir framleiðendur og dreifingaraðilar dragi lærdóm af þessu verkefni.

Viðauki I

Spurningalisti

Dagsetning: _____

Heilbrigðiseftirlit og fulltrúi: _____

Eyðublað vegna merkinga á tilbúnum réttum

Sýnatökustaður

1. Nafn framleiðslufyrirtækis/verslunar: _____

2. Heimilisfang: _____

Skyldumerkingar á vöru

3. Vöruheiti

A. Vöruheiti: _____

B. Er vöruheiti leyfilegt í samræmi við 7. gr. reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla?

Já

Nei

C. Ef nei hvað er athugavert við vöruheiti? _____

4. Innihaldslýsing

A. Eru innihaldsefni tilgreind eftir minnkandi magni skv. 8. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla?

Já

Nei

B. Eru samsett innihaldsefni merkt skv. 12. gr. Reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla ?

Já

Nei

Á ekki við

C. Er aukefni í vörunni?

Já

Nei

Ef nei getur þú farið beint yfir í spurningu 5.

D. Ef aukefni eru í vörunni, eru þau leyfileg skv. viðauka 1, reglugerðar nr. 285/2002 um aukefni í matvælum?

Já
Nei

E. Ef nei hvaða aukefni er um að ræða? _____

F. Eru aukefni merkt skv. b. lið 11. gr. í reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla?

Já
Nei

F. Ef nei, hvað er ábótavant við merkingu? _____

5. Magnmerking

A. Er þörf á magnmerkingu skv. 14. gr. reglugerðar nr. 503/2005?

Já
Nei

B. Ef já, er magnmerking rétt framsett?

Já
Nei

C. Ef nei hvernig er magnmerking sett fram? _____

6. Nettóþyngd

A. Er varan merkt með nettóþyngd skv. 15 – 18. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla?

Já
Nei

B. Er nettóþyngd rétt merkt ?

Já
Nei

C. Ef nei hvernig er nettóþyngd sett fram? _____

7. Geymslupól

A. Er geymslupól vöru merkt skv. 20. gr. reglugerðar nr. 503/2005?

Já
Nei

8. Ábyrgur aðili

A. Er ábyrgðaraðili gefin upp skv. 7. lið 6. gr. reglugerðar nr. 503/2005?

Já
Nei

9. Notkunarleiðbeiningar

A. Er þörf á notkunarleiðbeiningum skv. 23. gr. reglugerðar nr. 503/2005?

Já
Nei

B. Ef já, eru þær til staðar?

Já
Nei

10. Framleiðslulota

A. Þarf framleiðslulota að vera merkt skv. 26. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla?

Já
Nei

B. Ef já, er hún merkt skv. 25. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla?

Já
Nei

11. Tungumál

A. Á hvaða tungumáli er varan merkt sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 503/2005?

Íslensku
Ensku
Norðurlandamál, annað en finnska
Annað

B. Á hve mörgum tungumálum er merking vörunnar? _____

12. Sama sjónsvið

A. Eru upplýsingar um vöruheiti, nettóþyngd og geymsluþol í sama sjónsviði skv. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla?

Já
Nei

13. Annað

Er eitthvað annað sem er athugavert við merkingu vörunnar?

14. Hvernig var tekið á ólöglegum merkingum?

Um verkefnið

Merking matvæla - Tilbúnir réttir

Tilgangur

Tilbúin matvæli eru matvæli tilbúin beint til neyslu og þau sem þarfnast lágmarks meðhöndlunar fyrir neyslu s.s. hitun í örbylgjuofni, ofni eða steikt á pönnu. Tilbúin matvæli geta hvort heldur sem er verið forpökkuð, verið til sjálfsafgreiðslu fyrir neytendur eða afhent yfir borðið skv. beiðni. En í þessu verkefni verður aðeins vörur sem eru merktar teknar til skoðunar.

Framleiðsla og dreifing tilbúinna matvæla getur því eftir atvikum talist til áhættusamrar starfsemi hvað öryggi matvæla snertir, þar sem gæta þarf vel að öryggisþáttum og fylgja skilgreindum verklagsreglum allt frá móttöku hráefna og til dreifingar í verslanir. Í verslunum er kæling lykilatriði. Merking og upplýsingagjöf til neytenda skipta miklu máli við dreifingu tilbúinna matvæla.

Tilgangur þessa verkefnis er fyrst og fremst að athuga hvort merking á tilbúnum réttum séu í samræmi við reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla. Almennar merkingar verða skoðaðar og samanburður gerður á milli innfluttra og innlendra vara. Eftirfarandi verður skoðað í verkefninu:

- Vöruheiti
- Innihaldslýsing
- Magnmerking
- Þyngdarmarkering
- Geymslukilyrði
- Geymsluþol
- Ábyrgðaraðili
- Notkunarleiddbeiningar
- Framleiðslulota
- Viðbótarupplýsingar þar sem við á
- Tungumál

Framkvæmd

1. Val á vöru til skoðunar

Fara í verslanir/framleiðslufyrirtæki og skoða merkingu á tilbúnum réttum eins og hér segir: <i>Vöruflokkar</i>	Fjöldi sýna ¹	
	Innlend framleiðsla	Erlend framleiðsla
<i>Tilbúnir réttir sem krefjast lágmarks meðhöndlunar</i>	5	5
<i>Réttir tilbúnir til neyslu</i>	5	5

2. Fara yfir merkingu vöru

Sjá eyðublað

3. Eftirfylgni ef vara er ekki samkvæmt reglum

Sjá nánar kafla [08.04. Stöðvun dreifingar og/eða innköllun](#) í eftirlitshandbók.

Tímabil

Verkefnið verður framkvæmt frá byrjun September til lok október.

¹ Sýnafjöldi er til viðmiðunar, ef vörur finnast ekki í ákveðnum flokkum má annað hvort taka vörur í öðrum flokkum í staðinn að öðrum kosti sleppa.